

**Bekkur:** 3. bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Kennarar:** Sæbjörg Kristmannsdóttir og Aðalheiður Jóhanna Hjartardóttir

**Tímafjöldi:** 6 klst á viku



*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**

Byrjendalæsi. Litla lesrún, Lesrún, Ritrún 1 og 2, Skrift 2 og 3. Dúkkulísur út í heim.

Ýmis námsspil, efni af vef eins og krakkaleikir á mms.is og í spjaldtölvu eins og Orðagull og fleira. Lestrarbækur, glósubækur, verkefna- og úrklippubækur og fl. Samþætting við aðrar námsgreinar, sérstaklega náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

**Lykilhæfni:**

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál og hlustun	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</li><li>• þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.</li><li>• þjálfist í að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</li><li>• geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</li><li>• geti lýst ákveðnu fyrirbæri.</li><li>• geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li></ul>	<p>Einstaklings- og paralestur</p> <p>Framsögn, nemendur kynna verkefni sem þeir hafa unnið, lesa upphátt og segja frá m.a. með leikrænum hætti.</p> <p>Jólaútlit, jólasögur sem þau semja sjálf.</p>	<p>Leiðsagnarmat</p> <p>Símat</p>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"><li>• þjálfist í að nota góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.</li><li>• geti lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</li><li>• geti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.</li><li>• þjálfist í að beita hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</li><li>• þjálfist í að velja sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesi sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</li><li>• þjálfist í að lesa úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</li></ul>	<p>Heimalestur 5x í viku.</p> <p>Yndislestur</p> <p>Hraðlestraræfingar</p> <p>Taki þátt í lestrarátaki tvisvar á skólaárinu þar sem markmiðið er að þjálfra lestrarhraða og lesskilning.</p> <p>Nemendur þjálfist í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum. Unnið með mismunandi texta, leikrit og þjóðsögur. Læra vísur og ljóð og þekki bækur eftir íslenska rithöfunda.</p>	<p>Heimalestur,</p> <p>Lesferill,</p> <p>Orðarún,</p> <p>leiðsagnarmat,</p> <p>sjálfsmat,</p> <p>símat.</p>

Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</li> <li>• geti beitt einföldum stafsetningarreglum.</li> <li>• þjálfist í að nýta í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.</li> <li>• þjálfist í að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</li> <li>• geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</li> <li>• þjálfist í að skrifa og leyfa öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</li> </ul>	<p>Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni bæði einstaklingslega, í paravinnu og í litlum hópum. Sögugerð bæði í stílabók og í tölvu.</p> <p>Þjálfari skrift og persónulega rithönd við ýmis skrifleg verkefni og í skrifarbækur. Þjálfist í stafsetningu á fjölbreyttan hátt.</p>	<p>Skriftaræfingar, mat á ritunaræfingum, leiðsagnarmat, sjálfsmat, símat</p>
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þjálfist í að beita töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.</li> <li>• kynnist orðflokkunum nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.</li> <li>• þjálfist í að leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.</li> <li>• geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</li> <li>• þjálfist í að leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.</li> <li>• þjálfist í að raða í stafrófsröð og geri sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</li> <li>• geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum.</li> </ul>	<p>Nemendur þjálfist í verkefnavinnu sem eflir tilfinningu fyrir málinu. Þeir fá tækifæri til að beita íslensku á fjölbreyttan hátt í gegnum umræður og leiki.</p> <p>Lögð er áhersla á vandaðan frágang verkefna.</p>	<p>Stafsetningastílar, verkefna- og vinnubækur, leiðsagnarmat símat</p>